



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

VSÓ Ráðgjöf
Fríða Björg Eðvarðsdóttir,
landslagsarkitekt
Borgartúni 20
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2008
Tilvísun: UST20080200071/ksj

Hafnarsvæði Sandgerðisbæjar - Suðursvæði

Vísað er til erindis frá VSÓ ráðgjöf, er barst Umhverfisstofnun þann 8. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi á hafnarsvæði Sandgerðisbæjar – Suðursvæði ásamt greinargerð/umhverfisskýrslu er skipulagstillögunni fylgir.

Samkvæmt aðalskipulagi Sandgerðisbæjar er gert ráð fyrir færslu þjóðvegur nr. 45 (Sandgerðisvegur). Sú færsla fellur undir tl. 13.1 í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sem fjallar um stofnveg í þéttbýli. Þar með fellur áætlunin undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við erindið.

Náttúruminjar

Strandlengja svæðisins sem deiliskipulagstillagan nær yfir er á náttúruminjaskrá (númer 108), en þar segir: “*Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi, Gerðahreppi, Sandgerði (áður Miðneshr.), Gullbringusýslu. (1) Fjörur og sjávarfítjar frá Stafnesi að Rafnkelsstaðabergi, m.a. Sandgerðistjörn, Gerðasíki, Miðhúsasíki og Útskálasíki. (2) Mikið og sérstætt botndýralíf, fjölbreyttur strandgróður og ýmsar fjörugerðir. Lífauðugar sjávarfjarnir og mikið fuglalíf.*” Í grein 4.15.2 í skipulagsreglugerð er fjallað um fjarlægð mannvirkja frá sjávarströnd og þar segir: “*í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.*” Umhverfisstofnun vill árétta að öll ströndin meðfram Sandgerði er á náttúruminjaskrá, úr suðri frá Stafnesi og að Rafnkelsstaðabergi, eins og skýrt kemur fram í ofangreindri tilvitnun í náttúruminjaskrá. Því þarf að uppfæra uppdrátt með deiliskipulagstillögu og skyggja ströndina alla leið. Einnig þyrfti að koma fram að deiliskipulagstillaga sem send var Umhverfisstofnun þann 5. 10. 2007 og var forsenda fyrri umsagnar Umhverfisstofnunar er nú breytt að því leyti að sjóvarnargarður er sýndur á nýju breytingartillögunni sem barst stofnuninni þann 8. 2. sl. Mikilvægt er að framkvæmdir á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá raski ekki verndargildi þeirra og hefur Siglingastofnun

haft samráð við Umhverfisstofnun um hönnun sjóvarnargarða og framkvæmdir þeim tengdum. Umhverfisstofnun óskar að haft verði samráð við stofnunina ef sveitarfélagið hyggur á gerð göngustíga innan svæðis á náttúruminjaskrá. Einnig er mikilvægt að staðið verði þannig að framkvæmdum og frágangi lóðar nr. 18 við Sjávangötu, að falli vel að svæði á náttúruminjaskrá.


Umhverfismat deiliskipulagsáætlunar


Samkvæmt umhverfismati eru áhrif á hljóðvist megin umhverfisáhrif vegna færslu þjóðvegur nr. 45 innan skipulagssvæðis. Einnig kemur fram að samkvæmt útreikningum verður hávaði frá þeirri umferð sem gert er ráð fyrir á nýjum þjóðveg 45 undir viðmiðunarmörkum reglugerðar 933/1999 sem eru 55dB (A) í 11 m. fjarlægð frá miðlínu vegar.

Umhverfisstofnun telur að í umhverfisskýrslu hefði átt að færa rök fyrir því hvers vegna áhrif á hljóðvist eru tiltekin sem megin umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og þau einu sem fjallað er um í skýrslunni. Einnig telur Umhverfisstofnun að lýsa mætti þeirri heildarframkvæmd sem þjóðvegur í þéttbýli sem fram kemur á uppdrætti er hluti af.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í umhverfisskýrslu vantar umfjöllun um umhverfisáhrif sjóvarnargarðs, en framkvæmdin fellur undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt lögnum eru „mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum (á verndarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá) t.d. stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar“ , framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Hjalti J. Guðmundsson
Sviðsstjóri

Afrit Skipulagsstofnun